

Útinám og útikennsla

Við leggjum áherslu á útinám og útikennslu í Fellaskóla

Útinám fer fram utan hefðbundinnar kennslustofu. Markmiðið með útináminu er að gera nemendur læsa á umhverfi sitt. Hvetja þá til að bera virðingu fyrir náttúrunni og öllu sem hún hefur uppá að bjóða. Fræða nemendur um nöfn á dýrum, jurtum og staðhättum. Mikilvægur liður í útinámi er að stuða að seiglu meðal nemenda með þeim hætti að fara út í öllum veðrum allan ársins hring.

Yngsta stig.

Í stundatöflunni er gert ráð fyrir föstum tímum til útináms þar sem nemendur kynna sér umhverfið sitt, mismunandi veðráttu og efla samskipti sín við skólafélaga sína með ýmsum samvinnuleikjum auk þess að vera í frjálsum leik. Útinám er mikilvægt til að nemendur getir tengt hinar ýmsu námsgreinar við daglegt líf en það er unnið í tengslum við nærsamfélagið og nánasta umhverfi nemenda. Því er nauðsynlegt að nemendur séu tilbúnir til útivistar á útinámsdögum sem og aðra daga.

Miðstig.

Útinám og útikennsla

Útinám

Á miðstigi er útinám að lágmarki einu sinni í viku allan veturinn, sama hvernig viðrar. Þar er áhersla lögð á upplifun og munnlega tjáningu, þátttöku og virkni á stað og stund, einstaklingslega og sem hluti af heild. Eftir útnámstíma er ekki gerð krafa um skriflega úrvinnslu úr þeim. Þannig teljum við alla sitja við sama borð og njóta útinámsins á eigin forsendum.

Viðfangsefni í vetur eru m.a.

- klæðnaður eftir veðri
- gönguferðir, frjálssir- og námstengdir leikir
- stjórnun
- þátttaka
- athuganir
- vangaveltur
- samræður
- eftirtekt með augum og eyrum
- tilfinning fyrir stað og stund

Markmiði með útináminu eru:

- að efla með nemendum vitund og virðingu fyrir sjálfum sér, hópnum og umhverfinu
- efla samvinnu og samkennd

Námsmat: Virkni og þátttaka

- sjálfsmat
- jafningjamat
- leiðsagnarmat

Útikennsla

Útikennsla er tvisvar í viku, tvær kennslustundir í senn og hún fer fram á Verndarsvæðinu sem er kennslusvæði sem við höfum aðgang að utan dyra.

Þar fer námið fram á kennarastýrðum stöðvum, eða í hringekju með sjálfstæðri vinnu nemenda. Nemendum er skipt niður í 4- 6 manna hópa. Viðfangsefnin í útikennslu eru m.a.

- Tálgun – umgengni um áhöld, efnivið, grunnaðferðir í tálgun, áherslu á frið og ró
- Skapandi skrif – bók með teikningum, orðum, ljóðum eða sögum (samtal um orð)
- Rannsóknarvinna – valin rannsóknarefni eftir árstíðum, veðri, vindum. Dæmi um verkefni eru skráning á fuglategundum og atferli þeirra, gróður, mosi, sveppir, trjátegundir, veðrabrigði, skýjafar, skordýr o.s.f.v.
- Námstengdir leikir og þrautir – tengdir stærðfræði, íslensku og öðrum tungumálum.
- Landnám og skógarhögg – söguleg nálgun, sagnastund og smíði úr efnivið á staðnum.

Stundum er uppbrot á þessari vinnu með skiptingu á stöðvum og útileikjum. Nemendur kveikja varðeld og grilla brauð á priki, hita kakó eða steikja lummur og ræða um heimsins gagn og nauðsynjar.

Markmið: að auka verklega tengingu í námi, auka náttúruvitund, heilbrigði og hreysti,

Námsmat: Virkni og þátttaka, verkefni og afrakstur nemenda – kennara, jafningja og nemendamat.